

Minjavernd

Málsnr.: 1805030
Skjalasafn Dalabyggðar

29. MAI 2018

Bréfalykill: 09.03.04

Sveitarstjórn Dalabyggðar og
Umhverfis og skipulagsnefnd Dalabyggðar,
Miðbraut 11,
370 Búðardal.

Reykjavík 25. maí 2018.

Efni: Skógræktaráform Minjaverndar hf á Jörðinni Ólafsdalur landnúmer 137878

Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012 (reglugerð um framkvæmdaleyfi) skulu sveitarstjórnir ákvarða hvort skógrækt þurfi framkvæmdaleyfi. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir m.a.

Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáetlanir.

Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Meðfylgjandi er hnittsett kort afstöðumynd sem sýnir útlínur á fyrirhuguðu skógræktarsvæði á jörðinni Ólafsdalur. Korti þessu fylgir samningur um nytjaskógrækt á milli Minjaverndar hf kt. 700485-0139 og Skógræktarinnar. Skógræktin telur fyrirhugaðar skógræktarframkvæmdir samræmast í öllu ákvæðum í aðalskipulagi Dalabyggðar, enda á landbúnaðarsvæði.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga:

Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

Fornminjar:

Á svæðinu hefur verið framkvæmd fornleifaskráning og fundust meðal annars landnámsminjar. Þess verður vandlega gætt að skógrækt sé ekki í of mikilli nálægð við slíkar minjar.

Útlitshönnun:

Við hönnun skógarins verður þess gætt að skógurinn falli sem best að landslagi, jaðrar skógræktarsvæðisins verða hannaðir sérstaklega með ásýnd skógarins í huga og að tefja ekki umferð fólks meðfram vatnsfarvegum. Við val trjátegunda verður einkum horft til þess að rækta tegundir sem ætla má að hafi verið á svæðinu við landnám.

Almennt:

Fyrirhugað skógræktarsvæði í Ólafsdaler 95.2 hektarar á stærð, meðfylgjandi loftmynd sýnir legu þess og útlínur. Skógræktarsvæðið er allt neðan 200 m.y.h.

Framkvæmdir við skógrækt munu ekki hefjast fyrr en fyrir liggur afstaða sveitarstjórnar til þess hvort landeigendur þurfi framkvæmdaleyfi. Verði úrskurður sveitarstjórnar á þann veg að framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld, er það á kostnað og ábyrgð skógarbænda að sækja um framkvæmdaleyfi.

Af hálfu Minjaverndar hf er hér með óskað svara sveitarstjórnar við því hvort heimilt sé að hefja framkvæmdir við skógrækt á jörðinni, þar með talið girðingar um skógræktarlandið.

Virðingarfyllst

F.h. Minjaverndar hf

Jón Steinn Þórðar